

Stofnskrá fyrir Náttúrufræðistofu Kópavogs, samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 11. febrúar 2003:

„1. gr.

Stofnunin heitir Náttúrufræðistofa Kópavogs og er eign Kópavogsbæjar.

2. gr.

Tekjur stofunnar eru fjárveitingar úr bæjarsjóði og aðrar tekjur eftir atvikum sem stofan hefur af útseldri vinnu og annarri gjaldhæfri þjónustu, auk styrkja frá opinberum aðilum.

3. gr.

Aðalhluverk Náttúrufræðistofu Kópavogs eru:

- a. að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins, m.a. í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og aðrar rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða og umhverfismála,
- b. að safna náttúrufræðilegum gögnum og heimildum og skrá þau og varðveita með vísindalegum hætti,
- c. að veita almenningi og skólaæsku fræðslu um náttúrufræði og standa að sýningum um náttúru landsins,
- d. að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál fyrir almenning og skólaæsku,
- e. að veita Kópavogsbæ og öðrum aðilum eftir atvikum umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofunnar, m.a. vegna nýtingar auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum, enda komi greiðsla fyrir.

4. gr.

Bæjarstjórn Kópavogs fer með yfirstjórn Náttúrufræðistofu Kópavogs og samþykkir fjárhagsáætlun hennar og reikninga. Bæjarskrifstofur annast bókhald stofunnar og fjárreiður.

5. gr.

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar fer með stjórn fyrir Náttúrufræðistofuna. Skal ráðið annast rekstur stofunnar og vinna að viðgangi hennar, fjalla um fjárhagsáætlanir og fylgjast með fjárhag og starfsemi hennar.

6. gr.

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar ræður forstöðumann er annast allan daglegan rekstur stofunnar, gerir fjárhagsáætlanir, fer með fjármálaleg samskipti fyrir hönd ráðsins, ræður starfslið til stofunnar með samþykki ráðsins og er í forsvari fyrir stofnunina. Forstöðumaður skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða sambærilega þekkingu.“